

Snögg yfirferð á Frumvarpinu út frá sveitarfélögunum,

- þ.e. mál nr. S-3/2026 á 157. löggjafarþingi 2026 sem byggir á lagafrumvarpi til breytinga á ýmsum lögum vegna „einföldunar eftirlits með hollustuháttum og mengunarvörnum. Með frumvarpinu er lagt til að **útgáfa starfsleyfa og eftirlit samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir verði fært frá heilbrigðisnefndum og heilbrigðiseftirlitum sveitarfélaga (HES) til Umhverfis- og orkustofnunar**, jafnframt því sem heilbrigðisnefndir sveitarfélaga eru lagðar niður í lögum og umfangsmiklar breytingar gerðar á fjölda sérлага.

Samkvæmt 16. gr. frumvarpsins er einfaldlega **strikað út að landið skiptist upp í eftirlitssvæði** og hafi heimild til gjaldtöku fyrir veitta þjónustu (sbr. 44.-47. gr).

Heimild til samvinnu sveitarfélaga við verkefni settum skv. lögnum **er strikað út** (sbr. 46.-48. gr).

Heimild sveitarfélaganna til að setja gjaldskrár vegna verkefna skv. lögnum **er strikuð út** (sbr. 46. gr.)

Í dag er heilbrigðiseftirlit verkefni sveitarfélaganna og er stór hluti af kostnaði HES innheimtur af eftirlitsskyldum fyrirtækjum sem ýmist eru rekin af einkaaðilum eða hinu opinbera bæði sveitarfélögunum og ríkinu. Það er þessi hluti sem færist til ríkisins skv. frumvarpinu og eftir standa

Ef breytingin nær fram að ganga eins og allt bendir til, verða tvær eftirlitsstofnanir sem koma til dæmis í leikskóla og skóla með mótuneyti, þar sem Matvælastofnun (MAST) mun hafa eftirlit með mótuneytinu og Umhverfis- og orkustofnun (UOS) mun hafa eftirlit með húsnæðinu og leiksvæðum. Hótel með veitingastað mun líka frá eftirlit annars vegar frá UOS varðandi húsnæðið og aðstöðu til gistingar – mögulega einnig eigin fráveitu og hins vegar frá MAST sem kemur í eldhúsið. Dvalarheimili með eldhúsi ofl. lenda einnig í því sama svo fáein dæmi séu tekin, að lúta eftirliti tveggja ríkisstofnana í stað þess að fá einungis heilbrigðiseftirlit í reglubundið eftirlit með öllu saman nú. Líklega með tilheyrandi kostnaðarauka?

Starfsheitið heilbrigðisfulltrúi er strikað út – sjá slóð á reglugerð: [571/2002 – Reglugerð um menntun og skyldur heilbrigðisfulltrúa](#).

Um samþykktir sveitarfélaga:

25. gr. frumvarpsins heimilar sveitarfélögum að setja sér samþykktir um **“bann eða takmörkun gæludýrahalds”** en **gjaldtökuheimild er strikuð út**. Sömuleiðis er allt strikað út sem heitir fráveitur og meðferð úrgangs, bæði heimild til að setja samþykktir og gjaldskrár.

Heimildir fyrir að setja samþykktir um meðferð úrgangs er komið í reglugerð nr. [803/2023](#) en **heimild til gjaldtöku fellur út (sbr. 59. gr)**

Í lögum nr. [9/2009](#) um uppbyggingu og rekstur fráveitna er vísað í heimild á grundvelli laga nr. 7/1998 til að setja samþykktir um fráveitumál en í þeim lögum er verið að strika út þá heimild ásamt heimild til gjaldtöku (sbr. 59. gr)

Um XVII kafla laga nr. 77/1998 um Valdsvið og þvingunarúrræði.

Allt sem fellur undir þennan kafla færist til Umhverfis- og orkustofnunar – engar valdheimildir eru eftir hjá sveitarfélögunum – heilbrigðiseftirlit/heilbrigðisnefnd hefur verið strikað út.

Vert er að benda á að þær **valdheimildir** sem heilbrigðisnefnd hefur nú falla út: Stöðvun starfsemi, dagssektir, áminning, krafa um lóðahreinsun, álíming og fjarlæging bílhræja, föngun hunda og jafnvel eitthvað fleira. Allt saman valdheimildir sem sveitarfélögin þurfa að fá yfir til sín ef þau eiga „fara í hunda“ og hvað það er annað sem þeim er ætlað að gera.

Annað:

Umsagnir vegna skipulagsmála er stór málaflokkur sem HES sinnir fyrir framlög sveitarfélaganna og byggir á sérfræðiþekkingu heilbrigðisfulltrúa og þeirri þekkingu á staðháttum sem heilbrigðisfulltrúar hafa öðlast með því að vera í reglubundnu eftirliti um fjórðunginn og auðvitað.

Vatnsverndarmál er ástæða til að nefna, það er óvissa um hvar það lendir og er hluti af skipulagsmálum sveitarfélaga, bendi á slóð: [SAMÞYKKT um verndarsvæði vatnsbóla innan lögsagnarumdæma sveitarfélaganna á svæði Heilbrigðiseftirlits Suðurlands bs. | Stjórnartíðindi](#)

Það bendir allt til að gæludýraeftirlit verði eftir hjá sveitarfélögunum og má benda á að sóknarfæri væri að sameina þau verkefni – en ekki er heimild til þess samkvæmt frumvarpinu.

Við vitum ekki hvert eftirlit með **tóbaksvörnum** fer? Umræðan hefur verið að eftirlit með nikótínvörum færi einnig til HES – en það er veip, nikótínþúðar og þess háttar sem er nú undir HMS.

Það er óvissa um eftirlit með undanþáguútgáfu sóttvarnavottorða skipa sem heilbrigðiseftirlit hefur haft umsjón með og verður væntanlega stærra verkefni þegar Þorlákshöfn stækkar enn frekar sjá slóð: [1655/2023 – Reglugerð um sóttvarnavottorð og sóttvarnaundanþágu fyrir skip.](#)

Loftgæðamálin fara alfarið til UOS – en nefnt í frumvarpinu að sveitarfélögum sé “heimilt” að reka mælistöðvar en engin skylda að veita sveitarfélögunum aðgang að loftgæðavef UOS.

Ofangreint er ekki tæmandi listi en til að gefa einhverja hugmynd um að frumvarpið er illa unnið og margt óljóst um framkvæmd þessara fjölbreyttu verkefna sem heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga sinnir.

Meðfylgjandi er einnig afrit af fréttatilkynningu sem SHÍ sendi 2. september sl. með tillögum að úrbótum í stað þeirrar kerfisumbyltingar sem nú er boðuð.

Einnig er meðfylgjandi bréf til Umhverfis- orku- og loftslagsráðuneytisins sent skv. beiðni þar um varðandi verkefni sveitarfélaganna.

f.h. Heilbrigðiseftirlits Suðurlands

Sigrún Guðmundsdóttir, framkvæmdastjóri